

Mál nr. 322/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá Í.

Kona rann til þegar hún var að bera fötu fulla af vatni 23.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.10.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-21.
2. Bréf V dags. 9.11.2017

Málsatvik.

M var í vinnu við ræstingar hjá Í og segist hafa haldið á skúringafötu fullri af vatni, runnið til á blautu gólfinu og gripið í veggfasta skóhillu til að detta ekki í gólfið. Hún kveðst hafa fengið við það hnykk á bakið. M segist hafa beðið samstarfskonu sína um að koma skilaboðum til verkstjóra um að hún hefði meiðst og hringdi í eiginmann sinn, sem sótti hana. M var rúmföst eftir ofangreint atvik í nokkurn tíma og frá vinnu í nokkrar vikur. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega Í hjá V og byggir á því að hún hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína eins og lýst er hér að ofan og hlotið áverka á baki. V hafnar bótaskyldu og vísar til framburðar þáverandi verkstjóra í lögregluskýrslu 14.9.2017 þar sem hann segist hafa talið að fjarvistir M frá vinnu hafi stafað af þekktum bakmeiðslum M og hann ekki verið upplýstur um atvikið fyrr en mörgum vikum síðar. Þá vísar V líka til framburðar samstarfskonu M hjá lögreglu dags. 21.3.2017, en samstarfskonan kom að henni í kjölfar atviksins og ber að hún hefði skilið M þannig að gömul meiðsl væru að hrjá hana. V segir að M hafi langa sögu um bakverki, en V telur ósannað að atvikið hafi gerst með þeim hætti sem M lýsir í málskoti. V segir að allt að einu þó að það teljist sannað að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsir að þá sé ekki um slys að ræða í skilningi slyshugtaks í gr. 1.4. í vátryggingaskilmálum slysátryggingar launþega hjá V. Þá segir V að fyrsta lýsing M og samstarfskonu af atvikinu hafi verið að M hafi fengið tak í bakið.

Álit.

Í grein 1.4 í vátryggingaskilmálum slysátryggingar launþega hjá V er slyshugtakið skilgreint svo: „Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans“. Þó svo að byggt sé á atvikalýsingu M af því sem gerðist 23.7.2015, þá verður ekki séð, að um slys skv. ofangreindri skilgreiningu sé að ræða. Ekki er um að ræða að utanaðkomandi atburður hafi leitt til þess atviks sem M lýsir. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega Í hjá V.

Reykjavík 20.12. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.